

ÁFANGALÝSINGAR 2. ÁRS 2016-2017



EFNISYFIRLIT

BÓKFÆRSLA	4
ÁFANGI: BÓKF2BT05	4
EÐLISFRÆÐI	5
ÁFANGI: EÐLI2DL05	5
ÁFANGI: EÐLI2BY05	6
EFNAFRÆÐI	8
ÁFANGI: EFNA2AE05	8
ÁFANGI: EFNA2LT05	9
ENSKA	11
ÁFANGI: ENSK3SV05	11
ÁFANGI: ENSK3NV05	12
ÁFANGI: ENSK2AM05	13
FÉLAGSFRÆÐI	14
ÁFANGI: FÉLA2IS05	14
FRANSKA	15
ÁFANGI: FRAN1FA05	15
ÁFANGI: FRAN1FB05	16
HAGFRÆÐI	17
ÁFANGI: HAGF2AH05	17
HÖNNUN	18
ÁFANGI: HÖNN2SH05	18
ÍSLENSKA	19
ÁFANGI: ÍSLE3PT05	19
ÍÞRÓTTIR	20
ÁFANGI: ÍÞRÓ1ÍC01	20
ÁFANGI: ÍÞRÓ1ÍD01	21
JARÐFRÆÐI	22
ÁFANGI: JARÐ1AJ05	22
LANDAFRÆÐI	23
ÁFANGI: LAND2FL05	23
LEIKLIST	24
ÁFANGI: LEIK2TT05	24
LISTIR OG HEIMSPEKI	25
ÁFANGI: LISH2HS05	25
LISTIR OG MENNING	26
ÁFANGI: LIME2LM05	26
LÍFFRÆÐI	27
ÁFANGI: LÍFF2LE0205	27
MYNDLIST	28

ÁFANGI: MYNL2SL05.....	28
NÁTTÚRUFRAÐI.....	30
ÁFANGI: NÁTT1EL05	30
ÁFANGI: NÁTT1JE05.....	31
MENNINGARFRAÐI.....	32
ÁFANGI: MENN2EM05	32
SAGA.....	33
ÁFANGI: SAGA1FM05.....	33
ÁFANGI: SAGA2MS05.....	34
SÁLFRÆÐI.....	35
ÁFANGI: SÁLF2GR05	35
SPÆNSKA.....	36
ÁFANGI: SPÆN1SA05	36
ÁFANGI: SPÆN1SB05	37
STÆRÐFRÆÐI.....	38
ÁFANGI: STÆR2VH02	38
ÁFANGI: STÆR3DF05.....	39
ÁFANGI: STÆR2LT05	40
ÁFANGI: STÆR3FF05	41
ÁFANGI: STÆR2RT05.....	42
ÞÝSKA.....	43
ÁFANGI: ÞÝSK1PA05.....	43
ÁFANGI: ÞÝSK1PB05.....	44

Bókfærsla

<p>Áfangi: BÓKF2BT05</p> <p>Framhaldsáfangi í bókfærslu og tölvubókhald</p>	<p>F-einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum læra nemendur að færa flóknara bókhald bæði dagbókarfærslur og uppgjör, færa endurmat fyrirtækja og uppgjör á T-reikningum. Einnig læra nemendur um skuldabréf og afföll sem þeim tengjast og verðtryggingu skuldabréfa. Kynnt er hvernig nota má upplýsingakerfi á borð við Microsoft Dynamics Nav til færslu bókhalds. Nemendur kynnast ótvíræðum kostum þess að færa bókhald með aðstoð tölvu. Helstu kerfi eru kynnt svo sem fjárhags-, viðskipta-, sölu-, birgða-, lánadrottna- og launakerfi ásamt því hvernig kerfin mynda eina heild. Kennsla byggist á innlögðum kennara, umræðum, dæmatímum og verkefnavinnu. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og geri sér grein fyrir eigin ábyrgð. Nemendur vinna mest sjálfstætt, einir eða í hóp.</p>		
<p>Forkröfur: BÓKF1BR05</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mati vörubirgða • bókhaldslegri meðferð skuldabréfa og hlutabréfa • mismunandi réttarformi fyrirtækja • mismunandi afskriftarreglum • vísitölu og verðbótum • sölu og sameiningu fyrirtækja • uppsetningu bókhaldslykils, vörunúmera, viðskiptamanna og lánadrottna • uppsetningu kennitalna til upplýsingaöflunar úr bókhaldi 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • færa bókhald • vinna sjálfstætt • starfa með viðskiptahugbúnað, sér í lagi upplýsingakerfið Microsoft Dynamics Nav • afla gagna og vinna með upplýsingar úr bókhaldi svo sem að finna afkomutölur fyrir tiltekið tímabil, sölu- og framlegðartölur fyrir einstakar vörutegundir, prenta skuldalista og launaseðla o.s.frv. • stofna nýja bókhaldslykla 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • reikna meðalálagninu vörubirgða • reikna og bóka verðbætur, vexti og afborganir af skuldabréfum • reikna og bóka afföll skuldabréfa • bóka færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign • reikna og bóka arðgreiðslur • nota viðskiptahugbúnað til færslu fjárhags-, sölu-, viðskipta-, birgða-, lánadrottna- og launabókhalds og skilji tengsla kerfanna 		
<p>Námsmat: Í áfanganum er lokapróf sem samanstendur af skriflegu prófi og prófi sem leyst er á tölvu. Lokaprófið gildir á móti ýmis konar vinnu, skyndiprófum og verkefnum sem og ástundun nemandans.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Lausnir á verkefnum eru ekki gefnar á stafrænu formi heldur þurfa nemendur að sjá til þess að þeir séu með réttar lausnir með því að fylgjast með yfirferð kennara í tímum. Mikilvægt er fyrir kennara að fylgjast með vinnu nemenda yfir önnina.</p>		

Eðlisfræði

<p>Áfangi: EÐLI2DL05 Eðlisfræði hins daglega lífs</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Áfanginn er grunnáfangi í eðlisfræði, þar sem æfð er framsetning og lausn hagnýtra verkefna sem tengjast einfaldri hreyfingu hluta eftir línu, fallhreyfingu, lögmálum Newtons, vélrænni orku og raforku. Kennslan fer aðallega fram með samblandi af fyrirlestrum og dæmareikningi, auk verkefnavinnu. Verklegar æfingar eru einnig hluti kennslunnar þar sem nemendur vinna saman í hópum og skila verkbók.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR2ÞA05, STÆRHJ05 samhliða</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu hugtökum og jöfnum sem notuð eru í hreyfifræði, aflfræði og eðlisfræði vökva • muninum á milli stigstærða og vigurstærða • lögmálum Newtons, Hookes, Arkimedesar, Bernoullis og Poiseuilles • varðveislulögmáli orkunnar og skriðþunga • hvernig ofangreind hugtök tengjast innbyrðis • hvernig ofangreind hugtök og lögmál tengjast daglega lífinu 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • taka þátt í hópvinnu og miðla af eigin þekkingu • skilja hvernig hegðun hluta í daglega lífinu endurspeglar það að efnisheimurinn sé háður lögmálum sem eru í fyrstu nálgun einföld og skiljanleg • túlka heiminn í jöfnum, þ.e. að yfirfæra almennt orðuð viðfangsefni á táknbundið tungumál eðlisfræðarinnar • útskýra dýpri fræðileg tengsl milli eðlisfræðilegra stærða, sér í lagi tengsl atlags við breytingu skriðþunga ($J = F\Delta t = \Delta p$), og samhengi við vinnu sem margfeldi krafts og vegalengdar ($W = F\Delta s = \Delta E$) • gera sér grein fyrir sinni eigin stöðu í eðlisfræðinámi • framkvæma, skilja og vinna úr verklegum æfingum sem tengjast námsefninu, og setja niðurstöður mælinga í samhengi við fræði 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • lýsa hreyfingu hlutar í einni vídd þegar um jafnan hraða eða jafna hröðun er að ræða • beita lögmálum Newtons til að setja upp og leysa verkefni í aflfræði einfaldra kerfa • nota vigra til að liða krafta í þætti og leggja saman krafta • beita vinnu-orku-lögmálinu á einföld tilvik • setja upp jöfnur sem lýsa því hvernig afköst, vinna og orka geta spilað saman í einföldum tilvikum • leysa einföld verkefni um samband raforku og hreyfingar rafbera í rafsviði • beita lögmáli Ohms til að vinna með einfaldar rafrásir, og tengja hugtök rafmagnsfræðinnar við daglegt líf og líffræðilega þætti 		
<p>Námsmat: Byggir á lokaprófi, tímaprófum, verklegum æfingum, vinnusemi í kennslutímum, heimanámi og hópvinnu.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Hér er um fyrsta áfanga í eðlisfræði á náttúrufræðibraut að ræða.</p>		



<p>Áfangi: EÐLI2BY05 Eðlisfræði hins daglega lífs, síðari hluti</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Áfanginn er grunnáfangi í eðlisfræði, þar sem æfð er framsetning og lausn verkefna sem tengjast varmafræði, hringhreyfingu, kasthreyfingu og hreyfilýsingu almennt, þyngdarkrafti, sveiflum og bylgjufræði, sér í lagi í tengslum við skynjun, ljósfyrirbæri (linsur, ljósbrot, regnbogi) og hljóðfræði hljóðfæra. Kennslan fer aðallega fram með samblandi af fyrirlestrum og dæmareikningi, auk verkefnavinnu. Verklegar æfingar eru einnig hluti kennslunnar þar sem nemendur vinna saman í hópum.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR3HR05 (STÆ 503) (eða samhliða)</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> fyrsta lögmáli varmafræðinnar, hamskiptum, þrenns konar gerðum varmaflutnings hreyfijöfnum í tveimur og þremur víddum miðsóknarhröðun og miðsóknarkrafti diffur- og heildunarsambandi milli hreyfistærða, hreyfingum með ójafnri hröðun þyngdarlögmáli Newtons og lögmáli Keplers stöðuorku í þyngdarsviði, lausnarhraða, svartholum algengum tegundum bylgjuhreyfinga samliðun bylgna, bæði í plani og í einvíðum kerfum staðbylgjum, hljóðum og hljóðfæri hljóð og heyrn, hljóð- og skynstyrk dopplerhrifum ljósbroti og lögmáli Snels ljósgeislafræði og einföldum (punnum) linsum, samsettu linsukerfi með tveimur linsum sveifluhreyfingu sem eðlilegu afsprengi af lögmáli Hookes og 2. lögmáli Newtons stærðfræðilegri lýsingu sveifluhreyfingar hvernig orka sveifils leikur á milli fjaðurorku og hreyfiorku 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> lýsa eðlisfræðilegum grundvelli algengra fyrirbæra daglega lífsins, og túlka með tilvísun í einföld lögmál eðlisfræðinnar útskýra muninn á miðsóknarkrafti og „miðflóttakrafti“ meta fullyrðingar í fjölmiðlum og daglegri umræðu út frá forsendum vísinda og skynsemi líta á Jörðina og reikistjörnur sólkerfisins sem hluta af hinum víðari efnisheimi sem stjórnast af þyngdarkraftinum, en jafnframt að þekkja takmarkanir á þyngdarlögmáli Newtons og frekari útfærslu þess í almennu afstæðiskenningu tengja skynjun okkar á umhverfinu með sjón og heyrn við þá eðlisfræði sem liggur þar til grundvallar útskýra styrkjandi og eyðandi samliðun í tveimur raufum og ljósgreiðu framkvæma, skilja og vinna úr verklegum æfingum sem tengjast námsefninu, og setja niðurstöður mælinga í samhengi við fræði gera sér grein fyrir sinni eigin stöðu í eðlisfræðinámi vera ábyrgur í að vinna sjálfur í að afla sér þekkingar 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> leysa einföld varmaleiðniverkefni beita hreyfijöfnum í tvívídd til að leysa hefðbundin kasthreyfingardæmi án loftmótstöðu nota diffrun og heildun til að tengja saman staðsetningu, hraða og hröðun almennt og einföldum tilvikum leysa einföld verkefni um hringhreyfingu hnatta í þyngdarsviði beita lögmálum Keplers til að vinna með sporbrautir (ellipsbrautir) almennt nota almenna framsetningu á stöðuorku í þyngdarsviði fyrir hluti á sporbraut og finna lausnarhraða hnatta setja upp og reikna einföld tilvik í bylgjufræði úr daglegu lífi 		

Námsmat: Lokapróf, annarpróf, verklegar æfingar, heimadæmi, fyrirlestrar og hópverkefni.

Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Framsetning efnis miðist að svo miklu leyti sem við verður komið við diffur- og heildunarvenzl hreyfistærða, sér í lagi þar sem fjallað er um almenna hreyfingu hluta með tímaháðri hröðun, útleiðslu á þyngdarstöðuorku og útleiðslu sveiflujöfnunar fyrir ýmiskonar kerfi með línulegum mótkrafti. Lögð sé aukin áhersla á stærðfræðilegt baksvið eðlisfræðinnar, samhliða fenomenologíu. Í verklegum æfingum skal leggja sérstaka áherslu á rökræna framsetningu á niðurstöðum mælinga og samanburði við fræði, að teknu tilliti til óvissu.

Efnafræði

<p>Áfangi: EFNA2AE05 Almenn efnafræði</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. Auk þessa eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að skrá niðurstöður og vinna verkefni úr tilrauninni. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum.</p>		
<p>Forkröfur: Grunnskólapróf</p>		
<p>Þekking <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • efnun og efnabreytingum • efnaformúlum og nafngiftum efna • tölu Avogadros, móli, atómmassa, mólmassa • efnahvörfum og efnajöfnum • eiginleikum vatnslausna • helstu flokkum efnahvarfa í vatnslausn • mólstyrk og hlutfallareikningum • gaslögmalunum og kjörgasjöfnunni • helstu umgengnisreglum og öryggisatriðum í tilraunastofu 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • beita skipulegum aðferðum við úrlausn dæma • • túlka orðadæmi, setja upp jöfnur og leysa þær með viðeigandi mælieiningum • • beita gagnrýninni hugsun og sýna innsæi og útsjónarsemi við lausnir verkefna • skrá lausnir sínar skipulega og útskýra þær í rituðu máli 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gefa efnasamböndum nafn og rita formúlur þeirra • • beita mólhugtakinu í dæmareikningi • • skrifa og stilla efnajöfnur • • leysa hlutfallareikning samkvæmt stilltum efnajöfnum • • vinna að magnbundnum útreikningum • • beita gaslögmalunum og kjörgasjöfnunni • framkvæma einfaldar verklegar æfingar í tilraunastofu 		
<p>Námsmat: Lokapróf, annarpróf, verklegar æfingar, heimadæmi.</p>		

<p>Áfangi: EFNA2LT05 Lögun sameinda og tengi</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Hefðbundin kennsla fer fram í kennslutímum, þar sem hvatt er til umræðu og fyrirspurna eftir því sem tilefni gefast til. Mikil áhersla er lögð á dæmareikning. Auk þessa eru verklegar æfingar í raungreinastofu. Í raungreinastofu er tölvubúnaður sem gerir nemendum kleift að hefja skýrslugerð og útreikninga jafnframt tilrauninni. Lögð er áhersla á að nemendur noti tölvuforrit við úrvinnslu niðurstaðna. Nemendum er ætlað að tileinka sér og öðlast skilning á efni kennslutexta og viðbótarefni sem fram kemur í kennslustundum. Einnig eiga þeir að ná tökum á skýrslugerðarformi og tölfræðilegri úrvinnslu gagna í verklegum tilraunum.</p>		
<p>Forkröfur: EFNA1AE05</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skammtatölum, lögun og legu svigrúma, rafeindaskipan frumefna í grunnástandi • lotubundnum eiginleikum frumefna • Lewis-myndum • lögun og skautun sameinda, VSEPR byggingum sameinda, svigrúmablöndun atómsvigrúma, sameindasvigrúmum (MO) tvíatóma sameinda • vökvum og föstum efnum: jónaefnum og málum, veikum efnatengjum, hamskiptum • fasalínuritum • magnbundnum eiginleikum lausna 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • beita skipulegum aðferðum við úrlausn dæma • túlka orðadæmi og klæða þau í stærðfræðilegan búning • setja upp jöfnur og leysa þær með viðeigandi mælieiningum • leggja mat á úrlausnir sínar og álykta um hvort þær standist • beita gagnrýninni hugsun og sýn innsæi og útsjónarsemi við lausnir verkefna • skrá lausnir sínar skipulega og útskýra þær í rituðu máli • þróa skilning sinn á efnisheiminum • átta sig á hlutverki efnatengja í heiminum • víkka skilning sinn á því hvernig lögun efna hefur áhrif á efnahvörf og efniseiginleika 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • rita rafeindaskipan frumefna í grunnástandi • álykta um hlutfallslega stærð atóma og atómjóna • álykta um eiginleika frumefna út frá staðsetningu þeirra í lotukerfinu • rita Lewispunktaformúlur efna • reikna hvarfavarma út frá tengjaentalþíu • spá fyrir um lögun og skautun sameinda út frá VSEPR líkaninu og teikna þær í þrívídd • ákvarða svigrúmablöndun atóma í sameind • teikna MO myndir 		

<ul style="list-style-type: none"> • útskýra eiginleika fastra efna og vökva út frá kröftum milli sameinda • túlka fasalínurit • framkvæma einfaldar verklegar æfingar í tilraunastofu 	
<p>Námsmat: Lokapróf, annarpróf, verklegar æfingar, heimadæmi.</p>	
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Þessi áfangi nefndist EFN203 í gamla kerfinu. Gert með fyrirvara um breytingar.</p>	

Enska

<p>Áfangi: ENSK3SV05 Samfélag og viðskipti</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 3</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Námið miðar að því að nemendur þjálfist í enskri tungu og bæti við orðaforða sinn og málskilning. Bæði almennan orðaforða svo og viðskiptaorðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í ritun enskrar tungu með ýmsum verkefnum, m.a. skrifa þeir persónulega ferilskrá og fylgibréf. Nemendur æfa viðskiptaorðaforða með þýðingum yfir á ensku. Nemendur eru einnig þjálfaðir í töluðu máli, bæði með styttri umræðum og formlegum fyrirlestri. Ætlast er til þess að nemendur hafi öðlast hæfni B2 samkvæmt Evrópsku tungumálamöppunni.</p>		
<p>Forkröfur: ENSK2OM05.</p>		
<p>Þekking <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • almennum enskum orðaforða á ýmsum sviðum, bæði almennum tímaritsgreinum og viðskiptatengdum orðaforða • ólíkum menningarheimum í tíma og rúmi með lestri skáldsagna og smásagna • hefðum sem eiga við um talað og ritað mál, til dæmis formlega og óformlega málnotkun • sérhæfðum viðskiptaorðaforða ásamt, uppsetningu formlegra viðskiptabréfa og ferilskráa • ólíkum viðhorfum og gildum fólks í enskumælandi löndum sem og öðrum menningarheimum 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja sér til gagns megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess • tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt • lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu í texta • taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt • eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum • tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni við margs konar aðstæður, til dæmis flytja formlegan fyrirlestur • geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi og rakið ólík sjónarmið með og á móti • skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín • skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig • greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta, svo sem í bókmenntaverkum og öðrum textum 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa sér til gagns ýmsar greinar, bæði fræðilegar og almenns eðlis • skilja talað mál, bæði almenns eðlis og viðskiptalegs eðlis • taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi • tjá sig munnlega um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið • skrifa margs konar texta, meðal annars formleg verslunarbréf, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu 		
<p>Námsmat: Námsmat er byggt á vinnu nemenda yfir önnina, skyndiprófum og öðrum verkefnum, ásamt lokaprófi.</p>		

<p>Áfangi: ENSK3NV05 Vísindaenska</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 3</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Námið miðar að því að nemendur auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemendur eru þjálfaðir í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig eru nemendur þjálfaðir í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlestrum.</p>		
<p>Forkröfur: ENS3SV05</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum • orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi • siðfræði vísinda, til dæmis umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð • mismunandi málsniði enskrar tungu 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna sem fjalla um vísindaleg efni • tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt • taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um vísindaleg málefni • tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt um málefni sem tengjast vísindum • skrifa texta um efni sem tengist vísindum og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við • nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna • geta lagt gagnrýnið mat á texta, nýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýnninn hátt • beita gagnrýnni hugsun • sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum • skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra • að taka virkan þátt í samræðum um vísindaleg málefni • tjá sig munnlega, bæði formlega og óformlega, um efni sem tengjast vísindum sem hann hefur kynnt sér og undirbúið • skrifa ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir • beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins • þýða texta sem fjalla um vísindaleg efni • skrifa útdrætti úr vísindagreinum 		
<p>Námsmat: Námsmat er í formi símats.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Þessi áfangi er kenndur á náttúrufræðibraut.</p>		

<p>Áfangi: ENSK2AM05 Amerísk menning og samfélag</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Viðfangsefni þessa námskeiðs er bandarískt þjóðfélag – saga, stjórnámál, menning og málefni líðandi stundar. Nemendur vinna margvísleg verkefni með hjálp kennslubókar, upplýsingatækni, ýmissa blaðagreina, smásagna og skáldsögu. Unnið er með sérhæfðan orðaforða og æfingar gerðar til þess að þjálfa nemendur í notkun orðaforða sem lýtur að málefnum líðandi stundar og sérhæfðum orðaforða efnisins. Nemendur velja rannsóknarefni, afla heimilda, leita upplýsinga, skilgreina og setja fram rök í rituðu og mæltu máli. Kennsluhættir eru í formi einstaklingsmiðaðs náms, paravinnu og hópinnu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda í áfanganum.</p>		
<p>Forkröfur: ENS3SV05</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> bandarísku samfélagi, sögu þess, stjórnámálum, hefðum, menningu og uppruna hennar, og áhrifum í alþjóðasamfélagi sérhæfðum orðaforða fagtexta upplýsingaleit og eðli rannsóknarritgerðar hvernig greina skal texta t.d. bókmenntatexta. 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið fræðilegt efni sem tengist bandarísku samfélagi greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt og pólitískt samhengi í texta, s.s. í bókmenntaverkum og öðrum textum leggja gagnrýnið mat á texta nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni sem tengjast Bandaríkjunum miðla þekkingu, skoðunum og hugmyndum af innsæi og á skipulegan hátt flytja vel uppbyggða frásögn af einstaklingsmiðuðu rannsóknarefni beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. í bókmennta- og rannsóknarritgerð, setja mál sitt fram á gagnorðan, skilmerkilegan og vel rökstuddan hátt í óformlegum jafnt sem formlegum texta nýta upplýsingatækni m.a. til að vinna sjálfstæða heimildaritgerð, þ.e. leita heimilda, setja upp heimildaskrá, nota tilvitnanir og gera grein fyrir þeim og unnið úr upplýsingum 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> lesa sér til gagns ýmsar tegundir af textum þannig að hann geti endursagt þá, dregið fram meginatriði textans í töluðu og rituðu máli hlusta á mælt mál, skilja inntakið og átta sig á meginjarna þess tjá sig markvisst í fræðilegu samhengi leita upplýsinga, finna heimildir og greina mikilvægi og þýðingu þeirra miðla þekkingu sinni í töluðu og rituðu máli 		
<p>Námsmat: Byggist á einstaklings- og hópverkefnum, bæði munnlegum og skriflegum, ásamt lokaprófi.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Áður var þessi áfangi ENS503.</p>		

Félagsfræði

<p>Áfangi: FÉLA2IS05 Inngangur og samfélag</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum eru félagsfræði og félagsvísindi kynnt. Fjallað er um samfélagið og þróun þess, sem og helstu þætti, svo sem atvinnulíf, fjölskyldu, menningu og menntun og kynnt hvernig þetta allt er skoðað út frá sjónarhorni félagsvísinda. Áhersla er lögð á virkni nemenda og fjölbreytni í gagnanotkun og framsetningu. Verkefni felast í skriflegum verkefnum þar sem tekin er sjálfstæð afstaða til fyrirliggjandi námsefnis og hóp- og paraframsöguverkefnum. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji kennslustundir og taki virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnhugtökum, viðfangsefnum, orðfæri og sérstöðu greinar • sögulegum uppruna og þróun greinar • samfélagslegum gildum og siðferði • ólíkum öflum sem hafa áhrif á mótun einstaklings og samfélags • inntaki og framkvæmd lýðræðis • tengslum greinar við daglegan veruleika 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • auðga og þroska samskiptahæfni sína • tjá viðhorf sín á rökstuddan hátt • setja sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum • vega og meta efnisleg og siðferðileg verðmæti • greina og draga ályktanir af efni fjölmiðla • efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína á skapandi hátt • bera virðingu fyrir mannréttindum • gera sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni • taka þátt í lýðræðislegri samræðu og samstarfi • takast á við frekara nám í samfélagsgreinum 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • greina einkenni og þróun einstaklinga, samfélaga og menningar • tjá sig í ræðu og riti á skýran og skapandi hátt um viðfangsefni greinar • afla upplýsinga og vinna með þær á hagnýtan og fjölbreyttan hátt • greina á milli rökræðu og kappræðu • skoða og meta ólíkt gildismat og viðhorf • greina samhengi orsaka og afleiðinga 		
<p>Námsmat: Í áfanganum er lokapróf en vinnueinkunn vegur jafn mikið og er að mestu gefin út frá mati á verkefnum, viðhorfum og virkni í námi.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara):</p>		

Franska

Áfangi: FRAN1FA05 Fyrsti áfangi	Feiningar: 5	Hæfniprep: 1
Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Nemendur eru þjálfaðir í að skilja einfalt talað mál, tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt, einnig eru þeir þjálfaðir í að lesa einfalda texta. Nemendur eru æfðir í framburði með talæfingum og mikil áhersla er lögð á hlustunaræfingar svo að smátt og smátt geti nemendur skilið venjulegt franskt tal- og ritmál og öðlist þá undirstöðu í frönsku að þeir geti fljótlega bjargað sér í frönskumælandi umhverfi. Í áfanganum kynnast nemendur franskri menningu og samfélagi og þeir þjálfaðir í að nýta sér gagnlega hjálparmiðla á Netinu, svo sem orðabækur. Áfanginn er á stigi A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.		
Forkröfur: Engar		
Þekking: Nemandi skal hafa öðlast grunnþekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> • þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans • nokkrum grundvallarþáttum franska málkerfisins • menningu, helstu samskiptavenjum og siðum í frönskumælandi löndum, sér í lagi Frakklandi • uppbyggingu einfaldra texta 	Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"> • greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli • skilja meginatriði einfaldra texta • tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt um efni sem hann þekkir og eru úr hans umhverfi • takast á við aðstæður í einföldum samskiptum þar sem hann er aðstoðaður við að koma orðum að því sem hann vill segja • tileinka sér jákvætt viðhorf til námsins • geta metið eigið vinnuframlag og stöðu 	
Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt • lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða til að mæta markmiðum áfangans • taka þátt í einföldum samræðum um kunnugleg málefni • skrifa einfaldan texta um þekkt efni eða áhugasvið • beita helstu reglum um málnotkun í ræðu og riti • nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi 	Námsmat: Nota skal fjölbreytt námsmat sem endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna. Í lok áfangans er skriflegt próf úr efni áfangans sem gildir á móti vinnu og ástundun nemandans á önninni.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Áfanginn hét áður FRA103 og er á stigi A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum. Áhersla er lögð jöfnum höndum á ritun, lestur, tjáningu og hlustun.		

<p>Áfangi: FRAN1FB05 Annar áfangi</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Nemendur fá aukna þjálfun í að skilja einfalt talað og ritað mál, tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt. Nemendur eru æfðir í framburði og tjáningu með talæfingum og mikil áhersla er lögð á hlustun svo að nemendur geti skilið venjulegt franskt tal- og ritmál og öðlist þá undirstöðu í frönsku að þeir geti fljótlega bjargað sér í frönskumælandi umhverfi. Í áfanganum kynnast nemendur franskri menningu og samfélagi betur og eru þeir þjálfaðir í að nýta sér gagnlega hjálparmiðla á Netinu, svo sem orðabækur. Áfanginn er á stigi A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.</p>		
<p>Forkröfur: FRAN1FA05</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa öðlast grunnþekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans • völdum grundvallarþáttum málkerfisins • menningu, samskiptavenjum og siðum frönskumælandi þjóða • ýmsum leiðbeiningum sem tengjast námsefni áfangans 	<p>Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa texta og greinar, ef fjallað er um efni sem er nemandanum kunnuglegt • skilja talað mál um kunnuglegt efni • tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt • skrifa samantekt á tilteknu efni eða skrifa um áhugamál og sitt nánasta umhverfi • takast á við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum • geta metið eigið vinnuframlag og stöðu og samnemenda sinna • bera ábyrgð á eigin námi 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt • lesa og greina texta sem innihalda algengan orðaforða • taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir • geta tjáð sig á einfaldan hátt með því að beita orðaforða, málvenjum og framburði • skrifa stuttan, einfaldan texta um þekkt efni með viðeigandi málfari • fara eftir grundvallarreglum um ritað mál • geta notað upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálinu 		
<p>Námsmat: Nota skal fjölbreytt námsmat sem endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna. Í lok áfangans er skriflegt próf úr efni áfangans sem gildir á móti vinnu og ástundun nemandans á önninni.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Áfanginn hét áður FRA 203 og er á stigi A1 samkvæmt evrópsku tungumálamöppunni. Kunnátta nemenda á grunnþáttum málsins er dýpkuð frá fyrsta áfanga og farið lengra út í nærumhverfi nemandans í viðfangsefnum.</p>		

Hagfræði

<p>Áfangi: HAGF2AH05 Alþjóðahagfræði</p>	<p>Einingar: 5 feiningar</p>	<p>Hæfniprep: 2 þrep</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Hugmyndir og kenningar um milliríkjaviðskipti eru reifaðar og fjallað er um alþjóðlega samvinnu, viðskipti á heimsvísu, sérhæfingu og alþjóðavæðingu í efnahagsmálum. Alþjóðlegar stofnanir og samtök sem eru virk á efnahagssviði eru kynnt og skoðuð áhrif þeirra á íslenskt efnahagslíf. Fjallað er um alþjóðleg gjaldeyrisviðskipti, hlutverk seðlabanka og áhrif þeirra á hagkerfi. Fjallað er um gjaldeyrismál Íslands í kjölfar kreppunnar 2008. Námsefni og umfjöllunarefni er bæði á íslensku og ensku. Um bekkjarkennslu er að ræða. Fer kennslan fram m.a. með fyrirlestrum, samræðum innan bekkjarins og verkefnavinnu. Skoðuð eru myndbönd með efni sem varða viðfangsefni áfangans og innihald þeirra rætt. Fylgst er með fréttum, sérstaklega þær sem varða viðfangsefni áfangans. Nemendur vinna einnig verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum.</p>		
<p>Forkröfur: HAGF1ÞF05</p>		
<p>Þekkingarviðmið <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu kenningum og hugtökum alþjóðahagfræðinnar • hlutverki seðlabanka og hvaða tækjum hann getur beitt til þess að hafa áhrif á efnahagslífið • hagkvæmni milliríkjaviðskipta • áhrifum af setningu hafta á viðskipti milli landa • gjaldeyrishöftum og þeim áhrifum sem þau geta haft á hagkerfi • helstu stofnunum alþjóðasamfélagsins og hlutverk þeirra • því hvernig atburðir í einu hagkerfi hafa áhrif í öðru hagkerfi • samskiptum íslenska hagkerfisins við önnur hagkerfi. 	<p>Hæfniviðmið <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • túlka og skilja gögn sem sett eru fram • tjá sig um hagfræðileg málefni, bæði munnlega og skriflega • lesa og skilja umfjöllun um hagfræðileg málefni • taka ábyrgð á eigin námi • lesa texta um hagfræðileg málefni á erlendu tungumáli 	
<p>Leikniviðmið <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • geta upp á eigin spýtur nálgast upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og efnahagslíf annarra þjóða • skilja hvaða afleiðingar inngríp seðlabanka geta haft • vinna með gögn og setja þau upp á mismunandi hátt svo þau verði læsilegri • túlka og skilja gögn sem sett eru fram 		
<p>Námsmat: Í lok áfangans er skriflegt próf sem gildir á móti ýmis konar vinnu, verkefnum og ástundun nemandans á önninni.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Megináhersla í þessum áfanga er að tengja atburði líðandi stundar um heim allan við námsefnið. Mikilvægt er að tryggja að grunnþekking nemenda á hagfræðihugtökum úr áfanga HAGF1ÞF05 (gamla þjó113) sé næg. Þó nokkur tími fer í að horfa á fréttæfni, fræðslumyndir og annað með nemendum. Mjög mikilvægt er að stöðva spilun reglulega svo útskýra megi atburðarásina og hvernig umfjöllunarefnið tengist viðfangsefnum áfangans.</p>		

Hönnun


<p>Áfangi: HÖNN2SH05 Stafræn hönnun og miðlun</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum verður unnið með fjölbreyttan hugbúnað og veflausnir sem tengjast ýmissi hönnun m.a. myndvinnslu í Photoshop, myndbandsgerð og stafrænni miðlun efnis á fjölbreyttan hátt. Einnig verður unnið með hönnum í "Fab Lab" sem inniheldur hönnun fyrir laser og þrívíddarprentun. Nemendur munu auk þess kynna rafbókargerð og vefhönnun. Áfanginn er verkefnaáfangi þar sem lögð verður áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, þjálfun í miðlun og framsetningu eigin efnis og verða efnistösk af ýmsum toga.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • stafrænni miðlun • myndbandsgerð • myndvinnslu • möguleikum hönnunar með stafrænum miðlun • hugbúnaði við vinnu í Fab Lab 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • taka upp, leikstýra og klippa myndband og útbúa það fyrir bæði vefsíður og til sýningar • skipuleggja og hanna vefsíðu og skipta henni í svæði og undirsíður • breyta, sameina og útbúa myndir fyrir vefsíður og til prentunar • setja upp rafbók sem hægt er að lesa á spjaldtölvum, bæði fyrir Android og IOS stýrikerfi • hanna hluti og setja upp fyrir þrívíddar- og laserprentun 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna með myndir og skila þeim frá sér á stafrænu formi • vinna með og klippa myndbönd og skila frá sér á tölvutæku form • nýta sér forrit á netinu til að skila frá sér texta á stafrænu formi • nýta sér forrit á netinu til að hanna vefsíðu • forritum sem tengjast þrívíddar- og laserprentun. 		
<p>Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum yfir önnina. Ekkert lokapróf er í áfanganum.</p>		

Íslenska

<p>Áfangi: ÍSLE3PT05 Þjóð, tunga og land</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 3</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Nemendur lesa eina Íslendingasögu og vinna verkefni sem miða að því að auka skilning þeirra á íslensku máli og samfélagi að fornu og nýju. Leitast verður við að setja miðaldabókmenntir í samhengi við samtíma nemenda og meta merkingu þeirra fyrir nútímann. Nemendur öðlast færni í að lesa og skilja miðaldatexta, kynnast uppruna og frásagnarlist Íslendingasagna og átta sig á mikilvægi þess menningararfs sem þær hafa að geyma. Lesnar eru greinar um íslenska menningu og tungu á ýmsum tímum og vinna nemendur tjáningar og ritunarverkefni upp úr þeim. Nemendur vinna heimildaritgerð um núlifandi, íslenskan listamann.</p>		
<p>Forkröfur: ÍSLE2FG05</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu. • ritgerðarsmíð og heimildavinnu. • notkun forns menningararfs í nútímasamfélagi. 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifa skýran og vel uppbyggðan texta. • beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður. • taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu. • túlka texta fornbókmennta og þekkja mun á fornu og nútímamáli. • vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun. • sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og upplýsinganotkun. 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna að heimildaritgerðum og hvers kyns texta þar sem beitt er gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og koma efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli. • skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli. • flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni. • lesa sér til gagns og gamans texta á fornu íslensku máli. • nota upplýsingatækni við nám sitt. • að rita íslenskt mál samkvæmt reglum. 		
<p>Námsmat: Námsmat byggir á vinnu nemandans yfir önnina og er tilgreint nánar í námsáætlun.</p>		

Íþróttir

<p>Áfangi: ÍPRÓ1ÍC01 Þriðji áfangi</p>	<p>Fj. eininga: 1</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur fái sem fjölbreyttasta hreyfingu sem reynir hæfilega á hjarta- og æðakerfið, vöðvastyrkingu og viðhaldi liðleika. Lögð er áhersla á Interval þjálfun með æfingarkerfum eins og tabata, kross-fit og stöðvahring, sem henta vel aðstöðunni. Einnig er unnið með knattleiki og almenna leiki. Nemendur fá bóklega fræðslu um grunnþætti líkamlegrar heilsu, einkum er fjallað um þol, styrk, næringu/mataræði og lífstíl. Lögð er rík áhersla á að upplýsa nemendur um gildi þess að stunda reglulega hreyfingu - alltaf.</p>		
<p>Forkröfur:</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ræktun líkama og sálar • mikilvægi hreyfingar með tilliti til heilsueflingar og vellíðunar • gildi hreyfingar fyrir líffærakerfi líkamans • hvers virði hæfileg hreyfing er með tilliti til góðs ífsstíls til framtíðar • æskilegri næringu 	<p>Hæfni</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • meta líkamlega, andlega og félagslega stöðu sína • stunda þolþjálfun, þekkja greinarmun á loftháðri- og loftfirtri þoluppbyggingu • stunda styrktarþjálfun • nærast á heilbrigðan hátt - með vitneskju um skaðsemi of- og vanneyslu • forðast lífsstíl sem leitt getur til áunninna sjúkdóma – lífsstílsjúkdóma • stunda reglulega líkamsrækt með áherslu á heilsuna – "líkami fyrir lífið" 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja sér raunhæf markmið varðandi hreyfingu • taka á markvissan og fjölbreyttan hátt þátt í þol- og styrktaræfingum • rækta með sér jákvætt viðhorf til líkamsræktar 		
<p>Námsmat: Námsmat er að mestu leyti byggt á ástundun og hæfni nemenda til að tileinka sér þekkingu og leikni ásamt líkamlegum mælingum sem eru í samræmi við það sem unnið er með hverju sinni.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Líkamsrækt og heilsa er áfangi þar sem haldið er áfram með áherslu á fjölbreytta hreyfingu og lögð inn aukin þekking með bóklegri fræðslu. Sambærilegt við ÍPR 201</p>		

<p>Áfangi: ÍPRÓ1ÍD01 Fjórði áfangi</p>	<p>Feiningar: 1</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur fái sem fjölbreyttasta hreyfingu sem reynir hæfilega á hjarta- og æðakerfið, vöðvastyrkingu og viðhaldi liðleika. Lögð er áhersla á Interval þjálfun með æfingarkerfum eins og tabata, kross-fit og stöðvahring, sem henta vel aðstöðunni. Einnig er unnið með knattleiki og almenna leiki. Nemendur fá bóklega fræðslu um grunnþætti líkamlegrar heilsu. M.a. fá nemendur fræðslu og æfingu í skyndihjálp. Áfram er unnið að "heilbrigðri sál í hraustum líkama".</p>		
<p>Forkröfur:</p>		
<p>Þekking</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ræktun líkama og sálar • mikilvægi hreyfingar með tilliti til heilsuefingar og vellíðunar • gildi hreyfingar fyrir líffærakerfi líkamans • hvers virði hæfileg hreyfing er með tilliti til góðs lífsstíls til framtíðar • æskilegri næringu • framkvæmd líkamlegra (afkasta)mælinga – framkvæmd og úrvinnslu • til að útskýra niðurstöður mælinga og meta niðurstöðurnar • neikvæðum áhrifum vímuefnaneyslu á líkama og sál • grunnatriðum skyndihjálpar 	<p>Hæfni</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • meta líkamlega, andlega og félagslega stöðu sína • stunda þolþjálfun og þekkja greinarmun á loftháðri- og loftfirrtri þoluppbyggingu • stunda styrktarþjálfun • nærast á heilbrigðan hátt - með vitneskju um skaðsemi of- og vanneyslu • forðast lífsstíl sem leitt getur til áunninna sjúkdóma – lífsstílsjúkdóma • framkvæma (afkasta)mælingar og skýra frá niðurstöðum (fyrir hópinn) • forðast ávanabindandi eitrefni • bregðast við og taka frumkvæði ef viðkomandi er staðsettur þar sem þörf er á fyrstu hjálp 	
<p>Leikni</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna sjálfstæð verkefni í hópi • eiga samskipti við aðra nemendur 		
<p>Námsmat: Námsmat er að mestu leyti byggt á ástundun og hæfni nemenda til að tileinka sér þekkingu og leikni ásamt líkamlegum mælingum sem eru í samræmi við það sem unnið er með hverju sinni.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Líkamsrækt og heilsa er áfangi þar sem haldið er áfram með áherslu á fjölbreytta hreyfingu og lögð inn aukin þekking með bóklegri fræðslu. Sambærilegt við ÍPR 211</p>		

Jarðfræði

<p>Áfangi: JARÐ1AJ05 Almenn jarðfræði</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Grunnáfangi í jarðfræði þar sem lögð er áhersla á meginatriði í jarðfræði á flekamörkum með áherslu á sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu tilliti. Nemendur vinna verkefni, sjálfstætt og í hópum þar sem lögð eru fyrir jarðfræðileg gögn. Unnið er með heimildir á neti, tímaritum og bókum. Niðurstöður úr verkefnavinnu eru kynntar í stuttum fyrirlestrum og skýrslum.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • landmótun vegna eldgosa, jarðskjálfta og landreks • mismunandi kvikugerðum • sögu þekktra eldfjalla hér á landi og annars staðar • eðli jökla • landmótun jökla og vatnsfalla og landmótun af völdum vinda og vatns í víðu samhengi • jarðsögu Íslands • jarðskjálftum 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera sér grein fyrir samhengi í náttúrunni út frá þeim ferlum sem stýra gangi náttúrunnar • meta á gagnrýninn hátt og taka rökstuddar ákvarðanir er varða umgengni í náttúru, verndun og nýtingu • geta á sjálfstæðan hátt aflað sér upplýsinga um náttúruvísindalegt efni og meta það á gagnrýninn hátt • beita þekkingu sinni til að skilja náttúruvísindalegar upplýsingar sem koma fram í fjölmiðlum og daglegri umfjöllun • skilja mikilvægi þessa að sýna umhverfi sínu og náttúru virðingu • gera sér grein fyrir ógnum í náttúrunni og viðbrögðum við þeim • geta metið gildi náttúrunnar fyrir samfélagið og einstaklinginn • beita öllum algengustu hugtökum og heitum í jarðfræði í umfjöllun sinni um myndun og gerð náttúrufyrirbæra • lesa landfræðilegar upplýsingar úr kortum 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • greina berg og steindir • meta líkindi jarðfræðilegra atburða og gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra • þekkja sögu og myndun fjalla í umhverfi sínu • lesa í umhverfi sitt með tilliti til veðurfars og landmótunarsögu • setja upp, lesa og túlka gögn á myndrænu formi • nota gögn og heimildir í raunvísindum • lesa upplýsingar úr töflum og gögnum á myndrænu formi • setja fram og túlka kort og gröf 		
<p>Námsmat: Lokapróf, hlutapróf, einstaklingsverkefni, paraverkefni, hópverkefni, fyrirlestrar, veggspjöld, myndbönd, ritgerðir, vettvangsferðir, verklegar æfingar.</p>		

Landafræði

<p>Áfangi: LAND2FL05 Félagsleg landafræði</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í landafræði er verið að skoða heiminn með tilliti til hvernig við notum jörðina, hvernig við getum bætt lífsskjör þeirra sem búa við hungur og fátækt, hvernig við getum haldið ákveðnum lífsgæðum og nýtt til þess auðlindir á sjálfbæran hátt. Einnig eru samskipti ólíkra þjóða og þjóðflokka rædd og lögð áhersla á að nemendur öðlist gott læsi á landakort. Ýmis hugtök fræðigreinarinnar eru kynnt. Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda; úr námsefninu sjálfu eða öðru sem því tengist. Nemendur kynna sér sjálfir ýmislegt efni sem tiltækt er á netinu og vinna verkefni, þar af a.m.k. eitt stórt hópverkefni um landfræðileg fyrirbæri. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji kennslustundir og taki virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu.</p>		
<p>Forkröfur: Grunnskólapróf.</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hugtökum, kenningum, viðfangsefnum og aðferðum greinarinnar • þýðingu greinar fyrir upplýsta samfélagslega umræðu og gagnrýna hugsun • helstu gerðum og hlutverkum skipulags, svo sem aðal-, svæða- og deiliskipulag • ólíkum orkugjöfum, kostum þeirra og göllum • kenningum um mannfjöldabreytingar • hvernig land er nýtt á Íslandi og hvernig þróun atvinnulífs hefur haft áhrif á búsetumynstur á Íslandi 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • taka þátt í málefnalegum umræðum • rökræða skoðanir annarra á yfirvegaðan og fordómalausan hátt • útskýra viðhorf fólks á ýmsum stöðum • efla siðferðilega dómgreind sína • greina áhrif umhverfis, sögu og menningar á stöðu ríkja í alþjóðasamfélaginu • sýna frumkvæði í verkum sínum og samskiptum • Tileinka sér gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð í faginu • gera sér grein fyrir samspili viðhorfa, umburðalyndis og fordóma • auka framtíðarmöguleika sína í áframhaldandi námi eða starfi og daglegum viðfangsefnum • finna, meta og greina heimildir og nýta þær í hagnýtum tilgangi. 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • beita skilvirkum vinnubrögðum, frumkvæði og samvinnu við nám og störf • taka þátt í umræðu og greina landfræðileg málefni á gagnrýninn hátt • nota lykilhugtök fræðigreinarinnar • beita kenningum á viðfangsefni greinar og við lausn hagnýtra verkefna • lesa almennar upplýsingar úr landakortum hvað varðar vegalengdir, hæðarlínur og staðsetningu ýmissa þátta svo sem stærð þorpa og bæja, vegakerfi og samgöngur • skilgreina og nota mikilvæg lýðfræðileg hugtök, t.d. aldursskiptingu, fæðingar- og dánartíðni, barnadauða, meðalævi, lífslíkur, offjölgun og búsetumynstur 		
<p>Námsmat: Í áfanganum er lokapróf en vinnueinkunn er gefin út frá annarprófi, mati á verkefnum (stórum og smáum) og mati á viðhorfum og virkni í námi.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara):Áfanginn er fyrsti áfangi í landafræði á félagsfræðabraut, alþjóðasviði. Hét áður LAN103.</p>		

Leiklist

<p>Áfangi: LEIK2TT05 Túlkun og textagreining</p>	<p>F-einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum er farið í helstu hugtök innan leikhúsfræðanna. Nemendur kynnast grunnverkfærum (body and mind) leikarans við túlkun og áhersla er lögð á mikilvægi ímyndunarafslins við persónusköpun. Nemendur gera æfingar er tengjast vinnu leikarans með ímyndundaraflíð til að leysa hin ýmsu verkefni. Þeir rannsaka hvað þarf til að gera orð á blaði leikbær ásamt því hvernig unnið er með textagreiningu (prosework). Einræðan (monolog) er sérstaklega tekin fyrir þar sem nemendur hlusta á þekktar ræður sögunnar, greina (analyzing) þær og endurflytja. Nemendur fá tækifæri til að takast sjálfir á við verkefni með beinni þátttöku sem og að fylgjast með samnemendum kljást við verkefni. Nemendum er ætlað að skila inn greinargerðum um tiltekin þemu sem tekin eru fyrir hverju sinni ásamt því að undirbúa verklegar æfingar, sjálfstætt eða með öðrum, sem flutt eru í tímum. Töfrar leikhússins. Farið verður í heimsókn í leikhúsin og fá nemendur að kynnast ólíkum störfum innan þess. Einnig verður haldin samlestur í tíma, á verki sem sýnt er í leikhúsinu það leikárið, þar sem nemendur fá að spreyta sig og að samlestri loknum verður farin hópferð í leikhús á þá sýningu. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda og þátttöku í kennslustundum.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu hugtökum leikhúsfræðanna • ólíkum nálgunum á listformið • ákveðnum þáttum við textagreiningu • mikilvægi leiklistar í menningarlegu samhengi • möguleikum leiklistar • mikilvægi hlustunar við sköpun 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • fjalla um leiklist • setja fram röksemdir fyrir skoðunum sínum í tengslum við leikhús og nota til þess viðeigandi hugtök • beita gagnrýnni hugsun á listformið • gera sér grein fyrir tilgangi og mikilvægi leiklistar • nýta leiklist í eigin framkomu • gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki leiklistar • efla eigin sjálfsmýnd og trú á eigin getu 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • takast á við fyrstu skref leikarans við persónusköpun • skapa leikbærar kringumstæður • túlka texta og greina • nota hugtök leikhúsfræðanna við réttar aðstæður • koma nokkurn veginn óheftur fram fyrir öðrum • tjá sig um leikhús og leikverk 		
<p>Námsmat: Byggir á ástundun nemenda og virkni í tímum sem og verkefnum sem unnin eru yfir önnina.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara):</p>		

Listir og heimspeki

<p>Áfangi: LISH2HS05 Heimspeki og sköpun</p>	<p>F-einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í þessum áfanga eru nemendur kynntir fyrir heimspekilegri hugsun með sérstakri áherslu á skapandi hugsun og heimspeki lista. Vinna áfangans fer fyrst og fremst fram í samræðum, en jafnframt fá nemendur tækifæri til að tjá hugsun sína með fjölbreytilegum hætti. Jafnframt fá nemendur nokkra innsýn í jóga og áhrif þess á hugann.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • rökum og rökstuðningi • rökvillum • afstæði og algildi • tvíhyggju og efnishyggju • kenningum um sjálfið • austrænni heimspeki og núvitund • kenningum um eðli lista og fegurðar • jóga 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hlusta á málflutning og lesa texta og greina hann með gagnrýnum hætti, m.a. með því að finna rökvillur (t.d. auglýsingar) • setja hugsun sína fram með skýrum hætti munnlega og skriflega • finna skapandi lausnir á vandamálum og setja þær fram með fjölbreytilegum hætti • taka þátt og jafnvel leiða samræður um krefjandi spurningar þar sem ekki er um einfalda lausn að ræða • beita heimspekilegum hugmyndum í leik og starfi og stuðla að andlegu og félagslegu jafnvægi hjá sjálfum sér og í hóp 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • greina góð rök í máli fólks • ljá hugsun sinni búning • vera gagnrýninn í hugsun og tjáningu • vera skapandi í hugsun og tjáningu • hlusta • hugleiða og taka þátt í öðrum andlegum æfingum til að öðlast betri sjálfsþekkingu 		
<p>Námsmat: Mat á áfanganum byggir á þátttöku í tímum og fjölbreyttri verkefnavinnu þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá hugsun sína í ýmsum miðlum.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara):</p>		

Listir og menning

<p>Áfangi: LIME2LM05 Listir og menning</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Markmið áfangans er að fjalla um eðli þeirra menningarþátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina. Nemendur rannsaka ákveðna menningarlega þætti og tímabil og kynna með ýmsum hætti. Rýnt verður í listfömin þrjú: sjónlist, leiklist og tónlist. Nemendur vinna verk út frá stíltegund og stefnu þess tímabils sem fjallað er um hverju sinni. Áhersla er lögð á tilraunavinnu þar sem unnið er með ólík efni og miðla. Nemendur skila inn greinargerðum um tiltekin þemu sem tekin eru fyrir hverju sinni ásamt því að undirbúa verkefni, sjálfstætt eða með öðrum sem flutt eru í tímum. Ný menntastefna er höfð til grundvallar og grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi.</p>		
<p>Forkröfur: Forkröfur 5- 10 f-ein í sögu. Áfanginn er skilduáfangi fyrir nemendur á Lista-og nýsköpunarbraut. En í boði sem valáfangi fyrir aðra nemendur skólans.</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hlutverki og mikilvægi listar í menningarlegu samhengi • hugtökum sem notuð eru til að lýsa áhrifamiklum stefnum 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • leita leiða til að örva sköpunarhæfni • finna leiðir til að hvetja einstaklinga til að tjá sig á fjölbreyttan hátt • vinna greinargóð skrifleg og munnleg verkefni um listir og menningu 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • tjá sig á ólíkan hátt með sköpun í gegnum ýmsa miðla • njóta lista og menningar • nota hugtök lista og menningar í umræðum og skriflegum verkefnum 		
<p>Námsmat byggir á ástundun nemenda og virkni í tímum sem og verkefnum sem unnin eru yfir önnina.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir: Notast er að einhverju leyti við bókina: Þættir úr menningarsögu (Heiðrún Geirsdóttir, Jón Gunnar Þorsteinsson, Margrét Gunnarsdóttir), ásamt efni frá kennurum. Áfanginn er skylduáfangi fyrir nemendur á Lista-og nýsköpunarbraut og í boði sem valáfangi fyrir aðra nemendur skólans.</p>		

Líffræði

<p>Áfangi: LÍFF2LE0205 Lífeðlisfræði</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Áfanginn fjallar um lífeðlisfræði mannslíkamans. Frumur, líffæri og líffærakerfi eru til umfjöllunar og starfsemi þeirra. Samanburður er gerður á starfsemi mannslíkamans og annarra spendýra. Kennslan fer fram með innlögnum í formi fyrirlestra og verkefnavinnu þar sem nemendur vinna sem einstaklingar eða í hópum. Verklegar æfingar eru einnig hluti kennslunnar þar sem nemendur vinna saman í hópum við verklegar æfingar og heimildavinnu.</p>		
<p>Forkröfur:</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> tengslum og samspili frumna, líffærakerfa og lífeðlisfræði mannsins sérhæfðum orðaforða lífeðlisfræðinnar á íslensku og ensku þáttum er varða heilbrigði og velferð 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> miðla lífeðlisfræðilegum upplýsingum á gagnrýninn hátt tengja undirstöðuþekkingu í lífeðlisfræði við daglegt líf og sjá notagildi hennar taka ábyrgð á eigin lífsháttum m.t.t. lífeðlisfræðilegra þátta beita skipulegum aðferðum og skráningu við úrlausnir lífeðlisfræðilegra verkefna afla sér frekari þekkingar á sviði lífeðlisfræðinnar yfirfæra skilning sinn og þekkingu á tengdar lífverur taka upplýsta afstöðu til siðferðilegra álitamála og rökræða taka þátt í upplýstri umræðu og rökstyðja afstöðu til málefna er snerta lífeðlisfræði, tækni og samfélag 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> greina frumulíffæri lesa lífeðlisfræðilegar upplýsingar úr texta og myndum skilja samspil mismunandi líffærakerfa við stjórn líkamsstarfseminnar meta áhrif lífshátta á heilbrigða þroskun og starfsemi líkamans afla frekari upplýsinga á sjálfstæðan hátt beita ýmiss konar rannsóknartækjum við verklegar æfingar til að dýpka skilning á námsefninu 		
<p>Námsmat: Lokapróf og vinnueinkunn sem er samsett úr verkefnavinnu (einstaklings og hópa), verklegum æfingum og hlutaprófum.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Þessi áfangi var áður LÍF103</p>		

Myndlist

<p>Áfangi: MYNL2SL05 Sjónlist – Grunnáfangi í myndlist</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Áfanginn einkennist af því að kenna nemendum grunntækni í myndlist með tengingu við samtímalist og málefni líðandi stunda. Í áfanganum er unnið með mismunand aðferðir sjónlista eftir fjölbreyttum þeim sem tengjast málefnum samfélagsins í dag og grunnstoðum menntunnar. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda og þátttöku í kennslustundum. Kennsluhættir áfangans eru með þeim hætti að áhersla er lögð á að afla, greina, skapa og miðla, þ.e. nemandi fær innlögð frá kennara, hanni greinir og skapar út frá því og miðlar svo sínum hugmyndum. Nemendur rannsaka, skapa, sýna, tjá og túlka. Grunnhugmyndir fagmiðaðrar myndlistakennslu : Öll verkefni áfangans eru skoðuð út frá gildum s.s. mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði, sjálfstæði, sjálfsþekkingu, ábyrgð, lýðræði, samkennd og sjálfbærni. Í öllum verkefnum er tenging við gildi ásamt því að kynnt er fyrir nemendum listamenn samtímans sem tengjast efninu. Jafnframt eru kynntir fyrir nemendum listamenn bæði fyrir og nú sem nýta sambærilega tækni í hverju verkefni fyrir sig. Í öllum verkefnum er lögð áhersla á sjálfbærni og efnisnotkun er í samræmi við það. Áhersla er lögð á í öllum verkefnum að nemendur geti tekið þátt í umræðum og greint niðurstöður sínar. Grunnteikning, lita- og formfræði: Litablöndun, andstæður og samstæður í litum. Litatónun með tilliti til ljóss og skugga, fjallað um merkingu og tákni lita í víðu samhengi. Pósitívur og negatívur, unnið með svörtun og hvítum pappír. Lína, hringur, kassi og þríhyrningur. Litasvið blýants og aðferðir í skyggingu. Unnið með litahring lttens í litablöndun. Að framkalla þrívídd með skyggingu og blöndun lita og tóna. Fjarvídarteikning: Nemendur læra forsendur eins-, tveggja- og þriggjaþrengja fjárvíddar. Læra að teikna rými í kringum sig, innanhúss og utan. Málun: Nemendur mála mynd á striga. Nýta sér aðferðir úr lita- og formfræði. Læra að vinna með akrylmálningu og kynnast eggtemperu. Nemendur nýta sér eigin skissubók sem viðfangsefni. Portrait teikning: Nemendur læra grunntækni í teikningu andlitsmynda og teikna sjálfsmynd. Teikna með blýanti, kolum og tússi á pappír og glærur. Nota „selfie“ og vinna með aðferðum teiknimyndasögugerðar í sjálfsmynd. Skissubók: Nemendur eiga að vinna í skissubók yfir alla önnina. Viðfangsefnið er daglegt líf. Aðferðir við skissuvinnu eru frjálssar. Lokaverkefni: nemendur velja sér gildi, aðferð og miðil til að vinna með í lokaverkefni sem verður til sýningar í lok annarinnar. Farið verður í heimsókn á tvær sýningar og verkefni unnin á staðnum eða út frá sýningunum.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnatriðum í teikningu, litafræði og formfræði • grunnatriðum í fjarvídarteikningu • grunnatriði í einföldum portrait • teikningum og sjálfsmyndum • grunnatriðum í meðferð og málun með akrylmálningu á striga • mismunandi verkfærum og áferð mismunandi efna 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þróa eigin hugmyndir • nýta sér tækni eins og skissubækur við hugmyndavinnu • ræða og rökstyðja hugmyndir sínar og skoðanir • beita gagnrýnni og skapandi hugsun • gera sér grein fyrir tilgangi myndlistar • nýta myndlist til að tjá skoðanir sínar • gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki myndlistar 	

<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ná fram mismunandi tónum ljóss og skugga með litum • teikna einföld form og skyggja • skyggja og sneiða form, eins og kúlu, kassa, keilu, pýramída • teikna einfaldar rýmismyndir í fjavídd • vinna verk með fjölbreyttum aðferðum og verkfærum 	
<p>Námsmat: Metin verður virkni í kennslustundum og heimaverkefnum og fjölbreytt verkefni eru metin jafnt og þétt yfir önnina. Engin skrifleg lokapróf eru í áfanganum. Metið er fyrir tækni, virkni, skapandi og greinandi þátttöku. Ábyrgð og sjálfstæði í verkefnum verður metið</p>	
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Áfanginn er skylduáfangi fyrir nemendur á Lista-og nýsköpunarbraut – sjónlistasviði. En í boði sem valáfangi fyrir aðra nemendur skólans.</p>	

Náttúrufræði

<p>Áfangi: NÁTT1EL05 Efna- og líffræði</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Byrjunaráfangi í efna- og líffræði þar sem fjallað er um grunnþætti efnafræði og nokkur helstu viðfangsefni líffræðinnar. Farið yfir uppbyggingu atóma og eiginleika frumefna, efnasambönd, efnablöndur og efnatengi. Fjallað verður um lotukerfið og rafeindaskipan sem og lífræn efni. Farið yfir grunnhugtök og líffræðilega ferla og fjölbreytileiki og flokkun lífvera kynnt. Skoðað verður samspil milli lífvera og umhverfis. Helstu efnisþættir eru: líffræði sem fræðigrein og undirflokkar hennar, bygging og starfsemi frumna, æxlun, erfðir og þróun ásamt grundvallaratriðum vistfræðinnar. Áfanginn er byggður upp á fyrirlestur, verklegum æfingum og skýrsluskrifum, flutningi á nemendafyrirlestri og öðrum tilfallandi verkefnum, ýmist einstaklings- eða hópavinnu.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnhugtökum efna- og líffræðinnar og sérstöðu greinanna • almennum rannsóknaraðferðum greinanna • grunnlögmálum, ferlum og orðfæri til að taka þátt í almennri umræðu um greinarnar • tengslum einstakra náttúru- og raungreina við heilbrigði og velferð • órofa samspili náttúru, umhverfis, efnahags og samfélags • sjálfbærni og sjálfbærri þróun 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • leggja gróft mat á upplýsingar sem tengjast efna- og líffræðilegum viðfangsefnum í samfélaginu á gagnrýninn hátt • tengja undirstöðuþekkingu í efna- og líffræði við daglegt líf og umhverfi og sjá notagildi hennar • afla sér frekari þekkingar á efna- og líffræðilegum viðfangsefnum • nota rannsóknartæki efna- og líffræðinnar • sýna sjálfstæði við að miðla niðurstöðum úr verklegum æfingum og geta útskýrt og dregið ályktanir af niðurstöðunum • geta tengt saman efnisþætti við úrlausn viðfangsefna • beita skipulegum aðferðum og skráningu við úrlausnir verkefna • tengja þætti einstakra náttúru- og raungreina við daglegt líf, eigið heilbrigði og umhverfi • ræða og útskýra sjálfbærni á lýðræðislegan og fordómalausán hátt 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja fram og túlka einfaldar myndir og gröf • vinna sjálfstætt við framkvæmd verklegra æfinga og geta útskýrt niðurstöður út frá fyrirmælum, verkseðli eða úr heimildum • tengja á milli stærðfræði og raungreina til úrlausnar verkefna • geta tengt heilbrigði við velferð • tengja sjálfbærni við ferli í náttúrunni 		
<p>Námsmat: Einstaklings- og hópverkefni, verklegir æfingar og skýrslur, heimavinna, heimildavinna, nemendafyrirlestrar, kannanir og lokapróf.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Vísindalegar aðferðir í verklegu hefti.</p>		

<p>Áfangi: NÁTT1JE05 Jarð- og eðlisfræði</p>	<p>Einingar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Grunnáfangi í jarðfræði þar sem fram fer kynning á viðfangsefnum jarðfræðinnar. Farið er yfir grunnhugtök í tengslum við jarðfræðileg ferli og áhrif mannsins á þau. Einnig er farið í grunnatriði í eðlisfræði.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnlögmálum jarðfræðinnar og þeim ferlum sem stýra gangi náttúrunnar • umhverfi sínu og þeim landmótunarferlum sem stjórnast af innrænum og útrænum öflum • hugtökunum sjálfbærni og sjálfbærri þróun í tengslum við nýtingu náttúruauðlinda • lofthjúpnum og loftslagsbreytingum • eðli vatns og hringrás vatns á jörðinni • hreyfingu hluta, stöðuorku og áhrifum þyngdaraflsins 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gera sér grein fyrir samhengi í náttúrunni út frá þeim ferlum sem stýra gangi náttúrunnar • skilja mikilvægi þessa að sýna umhverfi sínu og náttúru virðingu • gera sér grein fyrir ógnum í náttúrunni og viðbrögðum við þeim • útskýra og ræða um sjálfbærni, sjálfbæra þróun, náttúru, umhverfi, heilbrigði og velferð á lýðræðislegan og fordómalausán hátt • tengja þætti jarðfræðinnar við daglegt líf, eigið heilbrigði og umhverfi • lesa landfræðilegar upplýsingar úr kortum • lýsa hreyfingu hluta og áhrifum þyngdaraflsins 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja fram og túlka einfaldar myndir, kort og gröf • nota gögn og heimildir í raunvísindum • tengja við ferli í náttúrunni, hringrásir og lögmál 		
<p>Námsmat: Námsmatið samanstendur af lokaprófi, kaflaprófum, fjölbreyttum verkefnum, fyrirlestrum, ritgerðum, veggspjöldum, myndböndum, vettvangsferðum og verklegum æfingum.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara:</p>		

Menningarfræði

<p>Áfangi: MENN2EM05 Evrópsk menning</p>	<p>Feiningar:5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Í áfanganum er fjallað um menningu frá mismunandi sjónarhorni ólíkra félagsgreina á menningu; í þessum áfanga er áhersla einkum á evrópska og íslenska menningu og birtingarmyndir hennar. Áhersla er lögð á virkni nemenda og fjölbreytni í gagnanotkun og framsetningu. Verkefnin felast í skriflegum verkefnum þar sem tekin er sjálfstæð afstaða til fyrirbyggjandi námsefnis og hóp- og paraframsöguverkefnum. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji kennslustundir og taki virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu.</p>		
<p>Forkröfur:</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hugtökum, kenningum, viðfangsefnum og aðferðum helstu félagsgreina • mismunandi sjónarhorn ólíkra félagsgreina á menningu • orsökum mismunandi menningar við ólíkar aðstæður • þýðingu menningar og mismunandi birtingarmynda hennar • þýðingu menningarfræði fyrir upplýsta samfélagslega umræðu og gagnrýna hugsun • hugmyndum og umræðum um gildi mismunandi menningar • helstu sérkennum íslenskrar menningar í samanburði við evrópska menningu 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • taka þátt í málefnalegum umræðum • rökræða skoðanir annarra á yfirvegaðan og fordómalausan hátt • útskýra menningu og viðhorf fólks á ýmsum stöðum og tímum • efla siðferðilega dómgreind sína • greina upplýsingar og efni fjölmiðla um menningu á gagnrýnninn hátt • greina áhrif umhverfis og sögu á menningu • sýna frumkvæði í verkum sínum og samskiptum • auka framtíðarmöguleika sína í áframhaldandi námi eða starfi og daglegum viðfangsefnum 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja viðfangsefni fram á skýran, aðgengilegan og fjölbreyttan hátt • temja sér skilvirk vinnubrögð, frumkvæði og samvinnu við nám og störf • verja rökstudda afstöðu sína • taka þátt í umræðu og greina samfélagsleg málefni á gagnrýnninn hátt • beita kenningum á viðfangsefni greinar og við lausn hagnýtra verkefna • beita upplýsingatækni við þekkingarleit 		
<p>Námsmat: Í áfanganum er lokapróf en vinnueinkunn vegur því sem næst jafn mikið og er að mestu gefin út frá mati á verkefnum, mati á viðhorfum og virkni í námi og frammistöðu á annarprófi.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Áfanginn er fyrsti áfangi í menningarfræði á alþjóðabraut, félagsvísindalína. Hann samsvarar MEN103 skv. skólanámskrá VÍ til vors 2013.</p>		


Saga

<p>Áfangi: SAGA1FM05 Fornöld og miðöld</p>	<p>Feiningar:5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Mannkynssaga frá Landbúnaðarbyltingu til frönsku byltingarinnar. Aðaláhersla er lögð á fornaldarmenningu, helstu trúarbrögð, þróun stjórnarfars, þær breytingar sem verða í kringum upphaf nýaldar og breyta heimssýn mannsins sem og upplýsingu og byltingar í kjölfar hennar. Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda; úr námsefninu sjálfu eða öðru sem því tengist. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji kennslustundir og taki virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu.</p>		
<p>Forkröfur: Grunnskólapróf</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi ferlis frá lestri, skilningi á námsefninu til aukinnar kunnáttu í sögu • vinnbrögðum sagnfræðinnar • mikilvægi skapandi hugsunar við lestur og greiningu sögunnar • mikilvægi gagnrýnninnar hugsunar við lestur og greiningu sögunnar • helstu atburðum, hugmyndum og persónum, sem mótað hafa framvindu sögunnar frá fornöld til frönsku byltingarinnar • helstu hugtökum sem þekkja þarf til að tjá sig um söguna 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • draga fram og setja atburði úr fortíð í samhengi við samtímann • vinna kynningar á afmörkuðu efni á skipulagðan hátt með rétttri heimildaskráningu samkvæmt reglum þar um • beita öguðum vinnubrögðum, taka ábyrgð á eigin námi og vinna í samvinnu við aðra • lesa og túlka landakort, myndir og texta • beita upplýsingatækni í þekkingarleit sinni • meta gildi vettvangsskoðunar út frá skynrænum upplifunum • njóta lista, menningar og samfélagsumræðu og tengja það sögulegri þekkingu sinni 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • nálgast söguna á skipulagðan hátt, nýta til þess ólíkar heimildir og geti metið gildi þeirra • tjá sig um, kynna og rökstyðja einstök verkefni í hóp, í fyrirlestri eða ritgerð • tengja einstaka atburði sögulegri þróun • tengja nútíð og fortíð eins og hvað á bygging Hörpunnar í Reykjavík skylt við byggingu píramídanna í Egyptalandi 		
<p>Námsmat: Námsmat byggist á símati og skriflegu lokaprófi.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Sambærilegt við SAG 103 úr eldri námskrám.</p>		



<p>Áfangi: SAGA2MS05 Mannkynssaga 1789-2000</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Mannkynssaga frá frönsku byltingunni til nútímans. Farið verður í afleiðingar frönsku byltingarinnar, Napóleonsstýrjaldirnar og áhrif þeirra, sögu 19. aldarinnar og iðnbyltinguna, þróun stjórnarfars og breytingar sem verða við stofnun nýrra ríkja í öðrum heimsálfum. Kennsluaðferðir eru í meginatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru fyrirlestrar kennara þar sem námsefnið er reifað og hugtök útskýrð. Þá eru umræður og loks verkefnavinna nemenda; úr námsefninu sjálfu eða öðru sem því tengist. Nemendur kynna sér sjálfir ýmislegt efni sem tiltækt er á netinu og vinna verkefni, þar af a.m.k. eitt stórt hópverkefni. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji kennslustundir og taki virkan þátt í umræðum og verkefnavinnu..</p>		
<p>Forkröfur: SAGA1FM05</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • nokkrum afmörkuðum skeiðum sögunnar með tilliti til ýmissa sviða hennar svo sem: menningar, hugarfars, stjórnmála, einstaklinga, samfélags, tækni og vísinda • framþróun í okkar heimshluta síðustu aldir og tengslum hans við aðrar heimsálfur og helstu þáttum í sögu tuttugustu aldar • fjölbreytileika heimilda 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • velta fyrir sér ólíkum sögulegum skýringum, taka þátt í skoðanaskiptum og meta ólík sjónarhorn sögulegra álitamála • meta söguleg fyrirbæri út frá forsendum hvers tíma og sjá tengsl þeirra við nútíma • rýna í heimildir, vinna úr þeim og leggja á þær gagnrýnið mat • beita upplýsingatækni í þekkingarleit sinni • meta gildi vettvangsskoðunar út frá skynrænum upplifunum • njóta lista, menningar og samfélagsumræðu og tengja það sögulegri þekkingu sinni 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • koma á framfæri þekkingu sinni og skilningi á sögulegri þekkingu • vinna sjálfstætt sem og í hópum að gerð fjölbreyttra heimildaverkefna • lesa og túlka texta, kort, töflur, gröf og myndir frá mismunandi tímaskeiðum • vinna sjálfstætt sem og í hópum að gerð fjölbreyttra heimildaverkefna • meta gildi ólíkra heimilda 		
<p>Námsmat: Námsmat byggist á símati og skriflegu lokaprófi.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Sambærilegt við SAG 103 úr eldri námskrám.</p>		

Sálfræði

<p>Áfangi: SÁLF2GR05 Grunnur í sálfræði</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Áfanginn er grunnáfangi í sálfræði. Nemendur kynnst fræðigreininni sálfræði, eðli hennar, sögu og þróun. Helstu sálfræðistefnur eru kynntar og grunnhugtök greinarinnar skýrð. Starfssvið sálfræðinga verður skoðað sem og hagnýtt gildi sálfræði í daglegu lífi svo sem við nám og mótun hegðunar. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar og tilfinninga, sjálfsmýnd, mannleg samskipti, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli. Loks eru helstu rannsóknaraðferðir kynntar. Kennslan er með fjölbreyttu sniði, fyrirlestrar kennara og nemenda, umræður og verkefni. Áhersla verður lögð á að nemendur þekki helstu rannsóknaraðferðir sálfræðinnar og þjálfist í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum með því að framkvæma einfalda tilraun og skrifa skýrslu um niðurstöður samkvæmt viðurkenndum reglum.</p>		
<p>Forkröfur: FÉLA2IS05 (FÉL103)</p>		
<p>Þekking: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þróun sálfræðinnar sem fræðigreinar • grundvallarkenningum sálfræðinnar • hagnýtu gildi sálfræðinnar í daglegu lífi • helstu leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga • helstu mótunaröflum einstaklinga og hópa • vísindalegum vinnubrögðum greinarinnar 	<p>Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gera sér grein fyrir mótandi áhrifum umhverfisins á einstaklinginn • skilja samspil hegðunar, hugsunar og tilfinninga • geta yfirfært sálfræðilega þekkingu sína yfir á eigin sjálfsmýnd • geta tjáð sig á skipulagðan og gagnrýninn máta um sálfræðileg efni • framkvæma einfalda rannsókn og rýna í helstu niðurstöður 	
<p>Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í </p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa og skilja helstu hugmyndastefnur sálfræðinnar • beita hugtökum sálfræðinnar • skoða eigin hegðun, hugsun og tilfinningar út frá hugmyndum sálfræðinnar • skoða hegðun, hugsun og tilfinningar annarra út frá hugmyndum sálfræðinnar 		
<p>Námsmat: Námsmat er tvíþætt, gefin er vinnueinkunn sem gildir til helminga á móti lokaprófseinkunn.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara):</p>		

Spænska

<p>Áfangi: SPÆN1SA05 Fyrsti áfangi</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Nemendur notast við les- og vinnubækur, gera hlustunar- og munnlegar æfingar. Nemendur vinna ýmis verkefni (munnleg eða skrifleg) með og án hjálpar upplýsingartækni. Verkefnin eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Lögð er áhersla á frumkvæði nemenda og að þeir fylgist með eigin stöðu í náminu og framförum sínum með því fylla út sjálfsmatsblað eftir hvern kafla í námsbókum. Áfanginn er á hæfniprepi A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • almennum orðaforða í samræmi við hæfniviðmið áfangans • nokkrum helstu grundvallarþáttum málkerfisins • menningu, samskiptavenjum og siðum í spænskumælandi löndum • uppbyggingu einfaldra texta 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gefa og skilja einfaldar upplýsingar í rituðu og mæltu máli • skilja meginatriði einfaldra texta • tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt um efni sem hann þekkir • takast á við einfaldar aðstæður í almennum samskiptum • tileinka sér jákvætt viðhorf til námsins • geta metið eigið vinnuframlag og stöðu • geta nýtt upplýsingatækni við námið • geta tekið ábyrgð á eigin námi 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt • lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða • taka þátt í einföldum samræðum • skrifa einfaldan texta um þekkt efni eða áhugasvið • beita helstu reglum um málnotkun í ræðu og riti • nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi 		
<p>Námsmat: Í lok áfangans er skriflegt og munnlegt próf sem gildir á móti ýmis konar vinnu, verkefnum (skriflegum, munnlegum og hlustun) og ástundun nemandans á önninni.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Áður hét þessi áfangi SPÆ 103.</p>		

<p>Áfangi: SPÆN1SB05 Annar áfangi</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Byggt er á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa aflað sér. Nemendur notast við les- og vinnubækur, gera hlustunar- og munnlegar æfingar. Orðaforði eykst. Nemendur vinna ýmis verkefni (munnleg eða skrifleg) með og án hjálpar upplýsingatækni. Verkefnin eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Lögð er áhersla á frumkvæði nemenda og að þeir fylgist með eigin stöðu í náminu og framförum sínum. Áfanginn er á hæfniprepi A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.</p>		
<p>Forkröfur: SPÆN1SA05</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • orðaforða sem tengist efni áfangans • völdum atriðum í menningu Spánar og Rómönsku Ameríku • völdum grundvallarþáttum í uppbyggingu spænska málkerfisins • textum sem fjalla um efni sem tengist námsefni áfangans eða undanfara hans • ýmsum leiðbeiningum í talmáli sem tengjast námsefni áfangans 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa texta og greinar, ef fjallað er um efni sem er nemandanum kunnuglegt • geta gefið helstu upplýsingar um sjálfa/n sig og aðra • svara spurningum ef spurt er um málefni sem tengjast námsefni áfangans • skrifa um málefni sem tengjast námsefni áfangans • ná helstu upplýsingum úr töluðu máli, ef talað er um málefni sem honum eru kunnugleg • meta eigið vinnuframlag og annarra 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um efni sem tengist námsefni áfangans þegar talað er skýrt og áheyrilega • lesa texta sem tengist námsefni áfangans • taka þátt í einföldum samskiptum og tjá sig um efni sem nemandinn þekkir • segja frá efni sem tengist námsefni áfangans • skrifa einfaldan texta sem tengist námsefni áfangans • nýta sér upplýsingatækni eða önnur hjálpargögn við tungumálanám sitt 		
<p>Námsmat: Í lok áfangans er próf sem gildir á móti ýmisskonar vinnu, verkefnum (skriflegum, munnlegum og hlustun) og ástundun nemandans á önninni.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Áfanginn er framhaldsáfangi. Áður var þessi áfangi SPÆ203.</p>		

Stærðfræði

<p>Áfangi: STÆR2VH02 Annar áfangi</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Efni áfangans er tvívíð rúmfræði þar sem vigurhugtakið skipar aðalhlutverk. Auk þess eru hornaföll skilgreind og unnið með þau á almennan hátt. Um er að ræða töflukennslu og hópavinnu en auk þess er efnið tilvalið til að nemendur kynni sér það sjálfir. Samhliða þessum kennsluháttum er svo leiðsagnarnám þar sem nemendur er leiddir áfram skref fyrir skref.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR2HJ05 - (Stæ203)</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vigurhugtakinu og aðgerðum á vigra • flatarmyndum, þrí- og ferhyrningum • einingarhringnum og skilgreiningu hornafalla • einingum sem notaðar eru til að mæla horn, gráður og bogaeiningar • jöfnum hrings, sporbaugs og breiðboga • ofanvarpi, jafnt punkts sem vigurs á línu 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýra einingarhringinn fyrir óupplýstum • sýna almennan skilning á vigrum og vigraaðgerðum • útskýra jöfnur hrings, sporbaugs og breiðboga • miðla efninu til annarra á þann hátt að þeir upplifi áfangann sem eina heild hvað varðar samhengi hluta • gera sér grein fyrir mismunandi framsetningu á stærðfræðilegum verkefnum og lausnum tülka tölulegar niðurstöður á rúmfræðilegan hátt • tengja hornafræði og vigurreikning við aðrar greinar t.d. eðlisfræði • geta fylgt eftir röksemdum í texta 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • teikna vigra, -samlagningu og –frádrátt • nota einingarhringinn til að fá allar lausnir á hornafallajöfnum • nota ofanvörp til að finna staðsetningar og fjarlægðir • nota vigra til að lýsa færslu hluta t.d.í formi krafta • nota innfeldi tveggja vigra til að finna horn milli þeirra • geta rakið sannanir á helstu reglum úr námsefninu • nota vigurreikning til að teikna einfaldar (hreyfi)myndir með tölvuforriti, s.s. GeoGebra 		
<p>Námsmat: Byggir á lokaprófi, vinnusemi í kennslutíma, heimanámi og hópavinnu og skyndiprófum.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Áður hét þessi áfangi STÆ303.</p>		

Áfangi: STÆR3DF05	Feiningar: 5	Hæfniprep: 3
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Fallahugtakinu eru gerð góð skil svo og ýmsum aðgerðum sem beitt er á föll. Meðal annars eru vísisföll og lograföll kynnt hér. Markgildishugtakið þ.m.t. einhliða markgildi og óeiginleg markgildi er skilgreint. Einnig hallatala við feril falls, diffurkvóti og diffurreglur. Endað er á fallagreiningu en í henni felst að finna staðbundin útgildi, einhallabil, sveigju ferils o.m.fl. Kennslan fer jöfnum höndum fram með fyrirlestrum kennara og vinnu nemenda. Nemendur vinna ýmist saman eða einir sér. Gerðar eru kröfur um að nemendur vinni verkefni heima og standi skil á þeim annað hvort í kennslustund eða með því að skila verkefnum skriflega. Kennari fer síðan yfir heimaverkefni og nemendur fá endurgjöf.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR2VH05 - (STÆ303)</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> veldis-, rótar- og algildisföllum ásamt ræðum föllum, vísisföllum, 10-logra og náttúrlegum logra ýmsum hugtökum og reiknireglum tengdum föllum markgildi, samfelldni og aðfellum falla snertli, diffurkvóta og diffurreglum afleiðum veldisfalla, hornafalla, algildisfallsins, vísisfalla og náttúrlegs lografalls staðbundnum útgildum og beygjuskilum 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> geta skráð lausnir sínar skipulega og rökstutt þær geta rætt hugmyndir sínar um námsefnið geta skilgreint hugtök námsefnisins með nákvæmum hætti fylgja og skilja röksemdir og rökshengi í mæltu máli og texta, þar með taldar sannanir í námsefni rekja sannanir í námsefninu greina hvenær röksemdafærsla teljist fullnægjandi nota skilgreiningar í röksemdafærslum vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu klæða verkefni í stærðfræðilegan búning, leysa og túlka lausnina 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> kanna feril falla: finna skilgreiningar og myndmengi, diffra föll og finna útgildi og beygjuskil, finna aðfellur og rissa upp feril fallsins skeyta saman föllum og finna andhverfur falla leysa jöfnur með vísis- og lograföllum nota leiða út afleiður falla út frá skilgreiningu á afleiðu reikna einföld markgildi og ganga úr skugga um hvort fall af einfaldri gerð sé samfellt og/eða diffranlegt reikna einföld markgildi og ganga úr skugga um hvort fall af einfaldri gerð sé samfellt og/eða diffranlegt nota skilgreiningar til að sýna fram á ákveðna eiginleika falla 		
<p>Námsmat: Byggir á lokaprófi, vinnu í kennslustundum, heimanámi, verkefnum og skyndiprófum.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Þessi áfangi hét áður STÆ403 og hefur verið kenndur á Náttúrufræðibraut og hagfræðilínu Viðskiptabrautar.</p>		



<p>Áfangi: STÆR2LT05 Líkindareikningur og tölfræði</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Efni áfangans er tvískipt, líkindafræði og tölfræði en auk þess er í byrjun upprifjun á mengjum ásamt yrðingarökfræði. Um töflukennslu og hópavinnu er að ræða en auk þess er efnið tilvalið til að nemendur kynni sér það sjálfir. Samhliða þessum kennsluháttum er svo leiðsagnarnám þar sem nemendur eru leiddir áfram skref fyrir skref. Í tölfræðihlutanum gefst tækifæri á að nota t.d. töflureikni til að flýta fyrir lausn verkefna. Þar sem áfanganum er skipt í mörg atriði þá eru möguleikar á mismunandi kennsluaðferðum miklir og sér í lagi er verkefnavinna í tímum (og fyrirlesturinn heima) kjörin í bland með öðru.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR2HJ05</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mengjum og mengjaaðgerðum • aðgerðum í yrðingarökfræði • aðferðum til að telja mismunandi möguleika þ.m.t. umraðanir og samantektir • líkindahugtakinu og þeim hugtökum sem tengd eru því, tilraun, útkomu, úrtaksrúmi, atburði • meðaltali og staðalfráviki • normaldreifingu og tvíkostadreifingu • notkun normaldreifingar til að meta tilgátur sem settar eru fram og út frá þeim eru gögn sem fengin eru með könnun metin 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • taka þátt í hópvinnu og miðla af eigin þekkingu • útskýra muninn á strjálum líkindabreytum og samfelldum • miðla einfölduðum aðferðum ályktunartölfræðinnar • gera sér grein fyrir mismunni á tvíkostadreifingu og hyperbólskri dreifingu m.t.t. líkindabreyta • sýna skilning á útreikningi staðalfráviks og geti útskýrt fyrir öðrum fyrir hvað staðalfrávik stendur • nýta sér normaldreifingu til að meta gögn og álykta • gera sér grein fyrir takmörkunum tölfræðinnar • geta með gagnrýnum hætti rökrætt tölfræðilegar niðurstöður 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • beita marktæknireikningum með notkun normaldreifingar • smíða líkan fyrir tilraunir þannig að einfalt sé að finna líkindi ýmissa atburða • nota sanntöflur til að ákvarða hvort rökfærsla er gild eða ekki • reikna líkindi, einföld og skilyrt • nota talningarfræði, sérstaklega samantekta, til að reikna líkindi • nota tvíkostadreifingu • nota normaldreifingu til að meta tilgátur 		
<p>Námsmat: Byggir á lokaprófi, vinnusemi í kennslutíma, heimanámi og hópvinnu og skyndiprófum.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Þetta er gamli Stæ313 sem kenndur hefur verið á öllum brautum og er sjálfstæður. Atriði er að nemendur geri sem mest sjálfir hvað varðar verkefni og dæmareikning. Það mætti hugsa sér að hafa íferð efnis mismunandi eftir brautum. Þess bera að geta að eftir því nemendur eru eldri þá er hægt að gera meira með þeim því umhverfsigreind þeirra hefur þroskast.</p>		

<p>Áfangi: STÆR3FF05 Fallfræði</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 3</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Lögð er áhersla á að nálgast fyrirbæri í náttúrunni og í samfélaginu með opnum huga hvað varðar stærðfræði. Til þess eru nemendur látnir vinna með runur og raðir, vísis- og lograföll og diffrun einfaldra falla. Unnið verður með fallahugtakið og farið yfir nokkur helstu föll auk þess sem samsetning falla er kynnt. Diffrunarreglurnar eru æfðar og fundin staðbundin útgildi og beygjuskil ásamt orðadæmum. Kennslan fer jöfnum höndum fram með fyrirlestrum kennara, umræðum, einstaklings- og hópavinnu nemenda. Gerðar eru kröfur um að nemendur vinni verkefni heima og standi skil á þeim annað hvort í kennslustund eða með því að skila verkefnum skriflega. Í kennslustundum eru notaðar reiknivélar. Einnig eru verkefni leyst með stærðfræðiforritum t.d. forritinu GeoGebra og Excel.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR2HJ05</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • runum og röðum • skilgreiningar- og myndmengi falla, samsettum föllum og ferlum falla • veldisföllum, margliðum, ræðum föllum, vísisföllum og lograföllum • diffrun falla, diffrun margfeldis og kvóta ásamt diffrun samsettra falla • hagnýtingu diffrunar (útgildi, einhallabil, beygjuskil og sveigja ferils) • línulegri bestun • myndrænni framsetningu ójafna 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • setja sig inn í og túlka útskýringar og röksemdir annarra • skrá lausnir sínar skipulega og geta rökstutt þær, skipst á skoðunum um þær við aðra og útskýrt hugmyndir sínar • skrá lausnir sínar skipulega og geta rökstutt þær, skipst á skoðunum um þær við aðra og útskýrt hugmyndir sínar • vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu t.d. afleiðu falls og ferils þess • beita skipulegum aðferðum við lausnir þrauta úr kunnuglegu samhengi og útskýra aðferðir sínar. • klæða hversdagsleg verkefni í stærðfræðilegan búning, leysa þau og túlka lausnirnar • fylgja eftir og skilja röksemdir í texta og beita einföldum röksemdum 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • nota stærðfræði við lausn verkefna sem tengjast samfélaginu • þekkja helstu föll og samskeytingu þeirra • leysa vísis- og lograjöfnur • leysa ójöfnur þar sem koma fyrir ræð föll • diffra föll, margfeldi þeirra, kvóta og samsett föll • finna staðbundin útgildi og beygjuskil • nota diffurreikning til að leysa hámarks- og lágmarksverkefni • leysa einföld dæmi í línulegri bestun • lita lausnarsvæði ójafna á grafi 		
<p>Námsmat: Námsmat er samsett úr vinnueinkunn og skriflegu lokaprófi í lok annar.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara:</p>		



<p>Áfangi: STÆR2RT05 Runur og tölfræði</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 2</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Efni áfangans er þrískipt, vísisföll og andhverfu þeirra og svo líkindafræði og tölfræði. Um töflukennslu og hópavinnu er að ræða en auk þess er efnið tilvalið til að nemendur kynni sér það sjálfir. Samhliða þessum kennsluháttum er svo leiðsagnarnám þar sem nemendur er leiddir áfram skref fyrir skref. Í tölfræðihlutanum er áhersla á notkun töflureiknis. Þar sem áfanganum er skipt í mörg atriði þá eru möguleikar á mismunandi kennsluaðferðum miklir og sér í lagi er verkefnavinna í tímum (og fyrirlesturinn heima) kjörin í bland með öðru.</p>		
<p>Forkröfur: STÆR2MM05</p>		
<p>Þekking:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> vísis- og lograföllum diffrun einfaldra falla runum og röðum líkindahugtakinu og þeim hugtökum sem tengd er því; tilraun, útkomu, úrtaksrúmi, atburði meðaltali og staðalfrávik normaldreifingu og tvíkostadreifingu notkun normaldreifingar til að meta tilgátur sem settar eru fram og út frá þeim eru gögn sem fengin eru með könnun metin 	<p>Hæfni:</p> <p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> taka þátt í hópvinnu og geti miðlað af eigin þekkingu miðla einfölduðum aðferðum ályktunartölfræði sýna skilning á útreikningi staðalfráviks og geta útskýrt fyrir öðrum hvað staðalfrávik stendur fyrir geta nýtt sér normaldreifingu til að meta gögn og álykta gera sér grein fyrir takmörkunum tölfræðinnar geta með gagnrýnum hætti rökrætt tölfræðilegar niðurstöður átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu 	
<p>Leikni:</p> <p><i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> nota vísis- og lograföll við lausn verkefna diffra einföld föll og beita reiknireglum diffrunar hagnýta sér diffrun við lausn dæma skilja samhengi á milli runa og raða og t.d. vaxtareiknings beita marktæknireikningum með notkun normaldreifingar smíða líkan fyrir tilraunir þannig að einfalt sé að finna líkindi ýmissa atburða reikna líkindi, einföld og skilyrt nota normaldreifingu til að meta tilgátur 		
<p>Námsmat: Byggir á lokaprófi, vinnusemi í kennslutíma, heimanámi og hópvinnu og skyndiprófum.</p>		
<p>Leiðbeiningar fyrir aðra kennara: Þetta er þriðji áfangi á Alþjóða- og Nýsköpunarbrautum.</p>		

Þýska

Áfangi: ÞÝSK1PA05 - Fyrsti áfangi	Feiningar: 5	Hæfniprep: 1
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum:Áfanginn er byrjendaáfangi og flokkast undir A1 skv. evrópska tungumálarammanum. Lögð er áhersla á 4 færniþætti tungumálakennslu: hlustun, lestur, tal og ritun. Markmiðið er að nemandi skilji algeng orð og setningar um sig og fjölskyldu sína ásamt nánasta umhverfi. Einnig að nemandi geti tekið þátt í einföldum samræðum og skrifað einfalda texta. Nemendur nota grunnbækur, lesbók og vinnubók. Einnig lesa þeir stuttar sögur og syngja. Notað er myndefni þar sem nemendur fá kynningu á landi og þjóð. Verkefni eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Lögð er áhersla á notkun upplýsingatækni.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • almennum orðaforða í samræmi við hæfniviðmið áfangans • nokkrum grundvallarþáttum málkerfisins • menningu, helstu samskiptavenjum og siðum í þýskumælandi löndum • uppbyggingu einfaldra texta 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli • skilja meginatriði einfaldra texta • tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt um efni sem hann þekkir • geta tekið þátt í samræðum við einfaldar aðstæður • geta metið eigið vinnuframlag og stöðu • nota upplýsingartækni og hjálpargögn í tungumálanámi 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt • lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða • taka þátt í einföldum samræðum • skrifa einfaldan texta um þekkt efni eða áhugasvið • beita helstu reglum um málnotkun í ræðu og riti 		
<p>Námsmat: Í lok áfangans er skriflegt próf úr efni áfangans sem gildir á móti vinnu og ástundun nemandans á önninni.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Þetta er byrjunaráfangi sem áður hét þýs 103. Þessi áfangi er eingöngu á þrepi 1 og flokkast undir A1 skv. evrópska tungumálarammanum.</p>		

<p>Áfangi: ÞÝSK1PB05 Annar áfangi</p>	<p>Feiningar: 5</p>	<p>Hæfniprep: 1</p>
<p>Lýsing á áfanga og kennsluháttum: Áfanginn er framhaldsáfangi og flokkast undir A1 skv. evrópska tungumálarammanum. Lögð er áhersla á 4 færniþætti tungumálakennslu: hlustun, lestur, tal og ritun. Markmiðið er að nemandi skilji flóknari orðasambönd um sig og umhverfi sitt. Að nemandi geti tekið þátt í einföldum samræðum og skrifað stutta, einfalda texta. Nemendur nota grunnbækur, lesbók og vinnubók. Einnig lesa þeir stuttar sögur og syngja. Notað er myndefni þar sem nemendur fá kynningu á landi og þjóð. Verkefni eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Lögð er áhersla á notkun upplýsingatækni.</p>		
<p>Forkröfur: Engar</p>		
<p>Þekking: <i>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans • völdum grundvallarþáttum málkerfisins • menningu, samskiptavenjum og siðum þýskumælandi þjóða • uppbyggingu texta og muninum á töluðu og rituðu máli 	<p>Hæfni: <i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja meginatriði margvíslegra texta og greina einfaldar upplýsingar • skilja talað mál um kunnugleg efni • tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt • skrifa samantekt á tilteknu efni eða skrifa um áhugamál og sitt nánasta umhverfi • takast á við ýmsar aðstæður í almennum samskiptum • nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálinu 	
<p>Leikni: <i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt • lesa og greina texta sem innihalda algengan orðaforða • taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir • tjá sig á einfaldan hátt með því að beita orðaforða, málvenjum og framburði • skrifa stuttan, einfaldan texta um þekkt efni með viðeigandi málfari • ara eftir grundvallarreglum um ritað mál 		
<p>Námsmat: Í lok áfangans er skriflegt og munnlegt próf úr efni áfangans sem gildir á móti vinnu og ástundun nemandans á önninni.</p>		
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara): Þetta er framhaldsáfangi sem áður hét ÞÝS203. Þessi áfangi er eingöngu á þrepi 1 og flokkast undir A1 skv. evrópska tungumálarammanum.</p>		